

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 28/94
frá 2. desember 1994**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 94/C 48/01 frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ályktun ráðsins 94/C 48/02 frá 7. febrúar 1994 um þróun pósthjónustu bandalagsins⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ályktun ráðsins 94/C 181/01 frá 20. júní 1994 um að samræma upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi ný undirfyrirsögn bætist við á undan 6. lið (ályktun ráðsins 88/C 257/01) í XI. viðauka við samninginn á eftir upphafssetningunni:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 1.

„Fjarskiptaþjónusta“.

2. gr.

Eftirfarandi nýir liðir og undirfyrirsagnir komi aftan við 25. lið (ályktun ráðsins frá 7. desember 1993) í XI. viðauka við samninginn:

„26. 394 Y 0216(01): Ályktun ráðsins 94/C 48/01 frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu (Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 1).

Póstþjónusta

27. 394 Y 0216(02): Ályktun ráðsins 94/C 48/02 frá 7. febrúar 1994 um þróun pósthjónustu bandalagsins (Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 3).

Upplýsingaþjónusta

28. 394 Y 0702(01): Ályktun ráðsins 94/C 181/01 frá 20. júní 1994 um að samræma upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana (Stjtið. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 1).“.

3. gr.

Fullgiltur texti ályktana ráðsins 94/C 48/01, 94/C 48/02 og 94/C 181/01 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker